

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglnanna:

- a. Á eftir orðunum „samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál“ í 1. málslíð 1. mgr. bætast við orðin: skipulagsnefnd háskólasvæðisins.
- b. Á eftir orðinu „kennslumálanefnd“ í 3. málslíð 1. mgr. bætast við orðin: skipulagsnefnd háskólasvæðisins.

#### 2. gr.

Á eftir 18. mgr. 92. gr. reglnanna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Diplómanám í blaða- og fréttamennsku er sjálfstætt 30 eininga nám að loknu BA-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Nám þetta er hægt að fá metið inn í meistaranám í blaða- og fréttamennsku, að uppfylltum inntökuskilyrðum.

#### 3. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 7. nóvember 2017.*

**Jón Atli Benediktsson.**

*Dórður Kristinsson.*